




# BRÚIN

Félag Íslendinga í  
Luxembourg

7. tbl. 2008, - 18. árg.  
Desember 2008



## Jólaball

Haldið þann 26. desember 2008 í salnum Am Sand í Niederanven.

Húsið opnar kl. 14:00 og dansinn hefst kl. 15:00.

Dansað í kringum jólatréið og vonandi koma jólasveinar og dansa með okkur og kannski líka með góðgæti í poka fyrir börnin.

Að venju býður félagið upp á heitt súkkulaði með þeyttum rjóma, kaffi og meðlæti á hlaðborði sem félagsmenn koma með að venju. Gosdrykkir eru seldir.

Vinsamleg tilmæli eru til allra fjölskyldna að koma með eitthvað gott með sér á hlaðborðið eins og venja hefur verið undanfarin ár. Á borðinu hafa verið til dæmis kökur, snúðar, múffur, brauð, brauðtertur, pönnukökur, vöflurog kleinur.



Aðgangur félagsmanna ókeypis  
Utanfélagsfólk:  
10 € fyrir fullorðna  
5 € fyrir börn

Stjórnin vonast til þess að sem flestir sjái sér fært að mæta, dansa með börnunum og njóta samvista með löndum sínum hér í Luxembourg.

Stjórn FÍL

Þorablót verður haldið á Parc Hotel í Dommeldange

14. febrúar

TAKIÐ DAGINN FRÉ



## Jólaball - aðstoð óskast

Það er í ýmsu að snúast fyrir eitt jólaball og vantar okkur því aðstoð.  
Þar sem við höldum þetta á annan dag jóla þá er ekki öll stjórnin í landinu.

Okkur vantar aðstoð við eftirfarandi:

Skreyta sal og gera allt tilbúið: Mæta kl. 11:00, tekur ca. 2 klukkutíma.

Það þarf að raða borðum og stólum, laga jólatré, skreyta sal og borð.

Hjálp í eldhúsi: Mæta kl. 13:00

Hita súkkulaði, Hita kaffi, Þeyta rjóma

Hjálp við sölu á gosdrykkjum: Mæta kl. 14:00 - 17:00

Jólasveinar: okkur vantar einhverja 2-3 góða sveina til að koma og dansa með okkur í kringum jólatréið og gefa svo börnunum eitthvert gotteri í poka. Ekki verra ef þeir kunna jólalögin

Taka til:

Við þurfum að vaska upp (setja í uppþvottavél), ganga frá borðum og stólum, sópa gólf.

Ef við erum mörg þá tekur þetta ekki langan tíma.

Stjórn FÍL

Stjórn Félags Íslendinga í Luxembourg óskar öllum félagsmönnum

gleðilegra jóla

og farsældar á komandi ári

